

Tilgangur

Tilgangur skjalastefnu NTÍ er að tryggja kerfisbundna stjórnun skjala NTÍ frá því að skjöl verða til og þar til þeim er eytt eða komið fyrir í varanlegri geymslu.

Í stefnunni felst að:

Skjalastjórn NTÍ skal uppfylla þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til hennar.

Aðferðafræði skjalastjórnunar skal taka mið af kröfum alþjóðlega skjalastjórnunarstaðalsins ISO 15489 Upplýsinga og skjalfesting - skjalastjórn.

Skjöl NTÍ skal stofna, meðhöndla, vista og farga samkvæmt verklagsreglum og vinnulýsingum NTÍ.

Fyllsta trúnaðar skal gætt í málefnum tjónpola og upplýsingagjöf skal vera eftir skrásettum verklagsreglum og vinnulýsingum NTÍ.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á skjölum NTÍ.

Gæðafulltrúi ber ábyrgð á aðferðafræði skjalastjórnunar, innleiðingu skjalastefnu, sem og endurskoðun verklagsreglna og vinnulýsinga skjalastjórnunar.

Starfsmönnum NTÍ ber að fylgja skjalastefnunni.

Reykjavík, 21. maí 2015.

Stjórn NTÍ hefur samþykkt þessa stefnu og styður við framkvæmd hennar.

Stefna þessi var fyrst útgefin í október 2011